

Ed. 295. Frumvarp til laga
um náttúrurannsóknir.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Íslenzkir ríkisborgarar skulu hafa forgangsrétt til rannsókna á náttúru landsins.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur, að fengnum tillögum rannsóknaráðs, veitt erlendum fræðimönnum heimild til að stunda rannsóknir hér á landi um tiltekinn tíma, enda hafi þeir samstarf við íslenska fræðimenn og láti þeim í té skýrslu um árangur rannsókna, samkvæmt fyrirmælum, sem ríkisstjórnin setur með reglugerð.

3. gr.

Þeir, sem rannsóknir stunda, skulu forðast óþarfa átroðning á landi annara manna, og skylt er þeim að greiða bætur fyrir þann skaða, er þeir kunna að valda.

Nú leiðir rannsókn í ljós verðmæti, sem áður voru ókunn, og ber þá rannsakanda að tilkynna það eiganda eða umsjármanni lands þess, þar sem verðmætin eru.

Enginn má taka ólofað í landi annars manns neina þá náttúrugripi, sem fé-mætir teljast.

II. KAFLI

Um rannsóknaráð ríkisins.

4. gr.

Skipa skal þriggja manna nefnd, er nefnist rannsóknaráð ríkisins. Ríkisstjórnin skipar ráðið til þriggja ára í senn eftir tilnefningu þriggja stærstu flokkanna á Alþingi.

5. gr.

Hlutverk rannsóknaráðs er:

1. Að vinna að eflingu rannsókna á náttúru landsins, samræma slíkar rannsóknir og safna saman niðurstöðum þeirra.
2. Að vera ríkisstjórninni til aðstoðar um yfirstjórn þeirrar rannsóknastarfsemi, sem ríkið heldur uppi, og á annan hátt, eftir því sem æskilegt þykir.
3. Að annast eða sjá um tilteknar rannsóknir, eftir því, sem ríkisstjórnin kann að óska og fé er veitt til í fjárlögum eða af náttúrufræðideild menningarsjóðs.
4. Að gæta hagsmuna íslenskra náttúrufræðinga gagnvart útlendingum, sem hingað koma til rannsókna, og koma fram af landsins hálfu við fræðimenn annara þjóða að því leyti, sem við á.

6. gr.

Skylt er öllum þeim, er stunda náttúruvannsóknir með styrk úr ríkissjóði eða menningarsjóði, að hafa samvinnu við rannsóknaráðið og láta því í té skýrslur um niðurstöður rannsókna sinna.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra ræður, að fengnum tillögum rannsóknaráðs, framkvæmdastjóra, sem hefir á hendi dagleg störf og umsjón með þeim málum, sem undir ráðið falla.

8. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður rannsóknaráðsmönnum og framkvæmdastjóra hæfilega þóknun fyrir störf þeirra, og greiðist hún úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið.

III. KAFLI

Um atvinnudeild háskólans.

9. gr.

Við Háskóla Íslands skal starfa rannsóknastofnun í þágu atvinnuvega landsins, og nefnist hún atvinnudeild háskólans.

Atvinnudeild skiptist í þrjár sérdeildir, er nefnast fiskideild, búnaðardeild og iðnaðardeild. Fjölga má sérdeildum, ef yfirstjórn stofnunarinnar telur það nauðsynlegt og fé er veitt til í fjárlögum.

10. gr.

Fiskideild annast rannsóknir í þágu fiskveiða, svo sem rannsóknir á eðli sjávar og vatna, svifi og botnátu, lífi fiska, einkum nytjafiska, göngum þeirra og hátterni, svo og fiskiðnaðarrannsóknir.

11. gr.

Búnaðardeild annast rannsóknir í þágu landbúnaðar, svo sem jarðvegsrannsóknir hverskonar, áburðarrannsóknir, plönturannsóknir og plöntusjúkdóma, einkum nytjaplantna, búfjárrannsóknir og búfjársjúkdóma, fóðurrannsóknir og raun-sóknir um kynbætur búfjár og nytjaplantna.

12. gr.

Iðnaðardeild annast rannsóknir í þágu iðnaðar, svo sem rannsóknir hráefna, orkulinda og iðnaðarvarnings, matvæla- og fjörefnarannsóknir, gerlarannsóknir, náma- og jarðefnarannsóknir.

13. gr.

Atvinnuáráðherra hefir yfirstjórn atvinnudeildar með aðstoð rannsóknaráðs ríkisins.

14. gr.

Ráðherra ákveður, í samráði við rannsóknaráð, tölu fastra starfsmanna og skipar þá eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum. Á sama hátt ákveður ráðherra tölu annara starfsmanna, kaup þeirra og kjör.

15. gr.

Starfsmenn atvinnudeildar skulu launaðir úr rikissjóði. Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum rannsóknaráðs, laun fastra starfsmanna, unz þau verða tiltekin í launalögum.

Enginn starfsmaður má taka aukagreiðslu fyrir störf sín við stofnunina.

16. gr.

Í hverri sérdeild skipar ráðherra deildarstjóra til þriggja ára í senn, og stjórna þeir daglegum störfum og rekstri deilda sinna undir yfirstjórn rannsóknaráðs.

Rannsóknaráð ákveður rannsóknarefni í samráði við deildarstjóra, en skylt er því að leita áður álits og tillagna Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og annara landssambanda atvinnugreina. Gæta skal þess, að samræma störf sérdeilda, eftir því sem fært þykir.

Að öðru leyti ákveður ráðherra með reglugerð starfstilhögun atvinnudeildar, starfaskiptingu og stjórn.

17. gr.

Skylt er atvinnudeild að taka að sér rannsóknir fyrir atvinnurekstur einstakra manna, félaga eða stofnana, eftir því sem við verður komið, gegn þóknun, sem ráðherra ákveður með gjaldskrá. — Þó getur ráðherra mælt svo fyrir, að deildin skuli annast rannsóknir endurgjaldslaust, ef ástæða þykir til eða í hlut eiga stofnanir, sem starfa í þágu ríkisins. Óheimilt er öðrum rannsóknastofnunum, sem styrks njóta úr rikissjóði, að taka að sér slíkar rannsóknir, nema gegn þóknun samkvæmt gjaldskrá atvinnudeildar.

18. gr.

Skylt er starfsmönnum ríkisins eða stofnana, sem starfa með ríkisstyrk, að láta atvinnudeild aðstoð sína í té við rannsóknir eða tilraunir, eftir því sem við getur átt og ráðherra telur nauðsynlegt. Heimilt er ráðherra að ákveða með reglugerð þóknun fyrir slíka aðstoð.

19. gr.

Nú verður tekin upp kennsla við Háskóla Íslands í þeim fræðigreinum, sem atvinnudeild fjallar um, og skulu þá starfsmenn deildarinnar stunda þá kennslu, eftir því sem henta þykir og ákveðið er í reglugerð háskólans. Háskólaráð getur ákveðið, með samþykki ráðherra, að verklegar æfingar háskólastudenta í efnafræði

og öðrum skyldum námsgreinum skuli fram fara í atvinnudeild undir handleiðslu starfsmanna hennar. Eigi er skylt að greiða starfsmönnum atvinnudeildar sérstök laun fyrir störf í þjónustu háskólans samkvæmt þessari grein.

20. gr.

Til atvinnudeildar rennur það fé, sem háskólanum ber að greiða til ríkissjóðs sem einkaleyfisgjald fyrir happdrætti Háskóla Íslands.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númerin lög nr. 97 3. maí 1935, um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands, og lög um breyting á þeim lögum, nr. 41 12. febr. 1940.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.